



HEILBRIGÐISSTOFNUNIN SELFOSSI

Alþingi
Erindi nr. P 130/1156
komudagur 26.2.2004

Réttargeðdeildin að Sogni

1.mars 2004

Til allsherjarnefndar Alþingis

Þakka umsagnarbeiðni vegna frumvarps til laga um fullnustu refsinga og bið velvirðingar á að svar mitt er bæði síðbúið og ófullkomið. Ég hefði vel getað hugsað mér að taka þátt í tillögugerð um aðbúnað og málefni fanga, en þá með meiri fyrirvara.

Á Litla-Hrauni og Sogni er samtals aðeins eitt stöðugildi geðlæknis sem að sjálfsgöðu er of lítið og lítill tími gefst til annars en daglegra starfa.

I.

Ég mun einkum fjalla um þá hlið málaflokksins sem snýr að minni starfsgrein. Það er mat mitt eftir 6 ára starfsreynslu á Litla-Hrauni að hátt hlutfall fanga eigi við umtalsverð geðræn og sálfélagsleg vandkvæði að stríða í bland við vímuefnamismanotkun. Von mín er sú að í framtíðinni verði samþykkt lög og reglur, þar sem skýrt verður kveðið á um meiri og skiplegri geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum en nú er í boði, (á Litla-Hrauni er stöðugildi geðlæknis 25%), sem fæli í sér greiningu, meðferðarúræði, endurhæfingu og eftirfylgd. Það þarf að lögfesta fleiri stöður heilbrigðisstarfsmanna svo sem félagsráðgjafa, auka núverandi sálfræðiþjónustu og stórauka núverandi geðlæknisþjónustu. Sjá þarf til þess að skipulagt geðheilbrigðiseftirlit nái til allra fanga, en ekki aðeins þeirra sem bera fram kvartanir sjálfir. Æskilegt er einnig að allt heilbrigðisstarfsfólk, þar með talinn sálfræðingur eða sálfræðingar heyri undir eitt og sama ráðuneyti. Heilbrigðisstarfið þarf að skipuleggja og byggja á rannsóknum á eðli og umfangi vandans og útfrá skýrum markmiðum og meta með reglubundnu millibili.

Grundvallarmarkmiðið með þessu er að fangelsisvistin nái því að hafa marktæk fyrirbyggjandi áhrif, jafnframt því að vera sú viðvörun og gæsla sem í refsindómnum felst. Þessa hugmyndafræði vildi ég sjá lögfesta. Þótt slík framkvæmd kosti eitthvað, þá myndi hún brátt hafa sparnað í för með sér, fjárhags- og þjóðhagslegan – sem og herra menningarstig á þessu sviði.

Fordómar um fanga sem vonlaust og forhert botnfall samfélagsins, sem eigi fátt gott skilið, og mæta skuli afgangi, eru ranglátir og heimskulegir. Langstærstur hluti fanganna er laskaðir ungir menn, þó nokkuð margir með fyrri sögu í geðkerfinu, ekki síst á barna- og unglíngadeildum og fleiri stofnunum, sem hafa í raun mikla batamöguleika séu skilyrði þeim hagstæð. Ér er alls ekki að gefa í skyn, að fangelsið eigi að verða að sjúkrahúsi. en það þarf að hafa mun meira meðferðar- og fyrirbyggjandahlutverk en nú er.

Því vil ég leggja til að tengsl Litla-Hrauns, Sogns og e.t.v. fleiri stofnana verði eflað, t.d. með skynsamlegri samnýtingu fagfólks, sem auka myndi hagkvæmni og sparnað.

Þróun þessa málaflokks þarf að miða við íslenskar aðstæður, m.a. mannfæð og efnahag.

II.

Ég tel það ekki í mínum verkahring að blanda mér í innri starfsreglur í fangelsum, sem núverandi frumvarp snýst einkum um, þó vil ég í tengslum við framangreinda umræðu um geðheilsu og fyrirbyggingu setja fram tillögu og vísa nú til 23. gr. í frumvarpinu og legg til að málsgreinin hljóði á þessa leið:

“ *Við upphaf afplánunar metur læknir líkamlegt ástand fanga og geðlæknir leggur mat á geðheilbrigði hans*”, en framhaldið um Fangelsismálastofnun falli niður enda get ég ekki séð hvers vegna hún ætti að taka afstöðu til læknisskoðana.


Þá vil ég að gefnu tilefni gera þá athugasemd við 46. gr. þar sem kveðið er á um að fangi skuli hafa afplánað þriðjung refsitímans áður en leyfi er veitt. Þetta orkar tvímælis og kemur hart niður á þeim sem hljóta langa dóma.

Þá vil ég að lokum gera athugasemdir við reglur um heimsóknir, m.a. bæði 34. og 35. gr. í kaflanum um réttindi og skyldur fanga. Spurningarmerki set ég við núverandi heimsóknarfyrirkomulag, þ.e.a.s. í sérstökum lokuðum herbergjum (án eftirlits), því öllum má vera ljóst að það er aðalleiðin sem notuð er til að flytja lyf og önnur vímuefni inn í fangelsið sem spilla þar mjög fyrir eins og kunnugt er. Möguleiki á einkaheimsóknum nánustu aðila á auðvitað að vera fyrir hendi, en fjölmargar heimsóknir geta hæglega farið fram í stærra rými, t.d. í þar til gerðri kaffistofu, undir nauðsynlegu eftirliti.

Þessi tillaga er síst af öllu hugsuð til að skerða réttindi fanga eða spilla hamingju þeirra, heldur til þess að draga úr líkum á því að fangavistin verði þeim hreinlega til skaða með neyslu fíkniefna í fangelsinu og meðfylgjandi rugli.

Að lokum óska ég allsherjarnefnd og Alþingi alls góðs. Er fús til frekari viðræðna ef óskað er.

Virðingarfyllst,



Magnús Skúlason, yfirlæknir

Réttargeðdeildinni að Sogni/ geðþjónustu HSS Litla-Hrauni.